

Starfsskýrsla 2024

Íþróttaæfingar fyrir börn voru vel sóttar í upphafi árs og um 20 börn að æfa hjá félaginu. Auk æfinga fyrir krakka voru blakæfingar fullorðinna vel sóttar.



Þorablótið var haldið annan föstudag í þorra og var það vel sótt.

Aðalfundur félagsins var haldinn 16. apríl í félagsheimilinu Borg. Engar breytingar voru gerðar á stjórninni en hana skipa Guðrún Ása Kristleifsdóttir formaður, Guðný Helgadóttir gjaldkeri og Sigríður Þorbjörnsdóttir ritari. Guðni Reynir Þorbjörnsson er áfram varamaður í stjórn og Ingólfur Örn Jónsson skoðunarmaður reikninga.

Í lok apríl stóð félagið fyrir þilunámskeiði þar sem þátttaka var mjög góð.

Um vorið tók kvennalið Hvatar þátt í öldungamóti í blaki á Mosfellsbæ.

Um sumarið var boðið upp á skirkunámskeið fyrir börn á svæðinu.

Yfir sumartímann var Hvöt ekki með neinar æfingar. Boðið var upp á 2 vikna sundnámskeið á Borg og var það vel sótt.

Haustið 2024 hófust æfingar aftur og nú boðið upp á knattspyrnu, blak og körfubolta. Um 20 börn og unglingar hófu æfingar þetta haustið. Blak kvenna verður sífellt vinsælla og liðið þátttakandi í héraðsmótum.

Ungmennafélagið keypti þannavöll í pöntun á vegum UMFÍ en hann verður settur niður þegar framkvæmdum á opnu svæði við skólann er lokið og hægt að koma honum fyrir í samráði við sveitarfélagið.

Ungmennafélagið á í mjög góðu samstarfi við frístundastarfs skólans þar sem að starfsmenn skólans fylgja börnunum í íþróttastarfi og aðstoða ef á þarf að halda og erum við mjög þakklát fyrir það.

Að lokum fengum við svo jólasvein til að heimsækja börn á aðfangadag í samstarfi við Lionsklúbbinn Skjaldbreið.

Guðrún Ása Kristleifsdóttir

Formaður UMF Hvatar.